

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2021/2022.

I. KAFLI

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

II. KAFLI

Heildaraflí, ráðstöfun og veiðitímabil.

2. gr.

Fiskistofa úthlutar aflamarki til fiskiskipa á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund.

Leyfilegur heildaraflí tilgreindur í tonnum í óslægðum botnfiski, íslenskri sumargotssild og óslitnum humri, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar er sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Þorskur	220.417	11.682	208.735
2. Ýsa	41.229	2.185	39.044
3. Ufsi	77.381	4.101	73.280
4. Steinbítur	8.933	473	8.460
5. Gullkarfi	28.554	1.513	27.041
6. Keila	1.532	81	1.451
7. Langa	3.525	187	3.338
8. Djúpkarfi	7.926	420	7.506
9. Litli karfi	609	32	577
10. Grálúða	15.031	797	14.234
11. Sandkoli	313	17	296
12. Skrápflúra	25	1	24
13. Skarkoli	7.805	414	7.391
14. Langlúra	1.025	54	971
15. Þykkvalúra/sólkoli	1.288	68	1.220
16. Skötuselur	402	21	381
17. Humar	0	0	0
18. Íslensk sumargotssild	72.239	3.829	68.410
19. Blálanga	334	18	316
20. Hlýri	377	20	357
21. Gulllax	9.244	490	8.754
22. Úthafsækja	5.136	272	4.864

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, tilgreindur í tonnum, er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Frístundaveiðar	Strandveiðar	Línuviltun	Ráðstöfun samtals Samtals
1. Þorskur	1.472	4.500 3.626	4.092	250	10.000 8.500	1.400	20.242 19.340
2. Ýsa	257	800	715	0	1.000 0	413	2.928 2.185
3. Ufsi	453	1.400	1.261	0	0 1.000	0	2.661 4.114
4. Steinbítur	51	155	141	0	0	177	473 524
5. Gullkarfi	199	300	553	0	100	15	968 1.167
6. Keila	8	43	23	0	0	15	81 89
7. Langa	26	96	71	0	0	20	187 213
Samtals:	2.466	7.294 6.420	6.856	250	11.100 9.600	2.040	27.540 27.632

Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í gullkarfa, litla karfa, gulllaxi, og djúpkarfa sem miðast við óslægðan fisk. Veiðitímabil botnfisks er frá og með 1. september til og með 31. ágúst næsta árs.

Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla sem veiddur er á svæði sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Afli í sandkola og skrápflúru sem veiddur er norðan þessara lína reiknast ekki til aflamarks sbr. 2. mgr. 12. gr.

Heimilt er að veiða rækju við Snæfellsnes frá og með 1. maí til og með 15. mars næsta árs.

3. gr.

Leyfilegur heildarafl tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum, á viðkomandi tímabilum svæðum:

Tegund/Svæði	Leyfilegur heildarafl	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Hörpudiskur	0		
Breiðafjörður	93	5	88
2. Rækja á grunnslóð	0		
Arnarfjörður	149	8	141

Veiðitímabil rækju á grunnslóð er samkvæmt reglugerð um veiðar á rækju. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum rækju á grunnslóð, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna.

III. KAFLI

Skiptimarkaður með aflamark.

4. gr.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd skipta, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og annast skiptimarkað fyrir aflamark.

Við framkvæmd skiptimarkaðar skal Fiskistofa auglýsa hverju sinni eftir tilboðum í það magn aflamarks sem ráðherra ákveður. Auglýsa skal eftir tilboðum í tiltekið magn aflamarks í einstakri tegund í skiptum fyrir aflamark í einni af eftirfarandi tegundum: Þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa, svo lengi sem aflamark er til